# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

| | U.S. cent pr. lbs. cif. |
|---|---|
| **Þorskur:** | |
| 4×14 m/r 5–8 oz | 92,71 |
| 4×14 m/r 8–12 oz | 95,01 |
| 4×14 m/r 12–16 oz | 96,72 |
| 4×14 m/r 1–3 lbs. | 97,87 |
| 1×35 m/r 250–750 gr | 98,44 |
| 4×12 r/l 6–16 oz | 110,46 |
| 4×12 rj/l 1–3 lbs. | 111,60 |
| 4×14 r/l 8–12 oz | 105,31 |
| 4×14 r/l 12–16 oz | 107,60 |
| 4×14 r/l 1–3 lbs. | 108,74 |
| 10×5, 3×18 og 6×5 | 157,51 |
| 5×8 og 6×8 hnakkast. | 170,86 |
| 4×10, 5×10 og 6×10 | 157,51 |
| 4×12 og 4×13 | 157,51 |
| 4×15 og 1×20 | 161,96 |
| Blokk reg. | 118,00 |
| Blokk m/þunnildum U.S.A. | 113,00 |
| Blokk m/þunnildum Evrópa | 98,22 |
| Blokk O.R. | 106,20 |
| Þunnildisblokk Evrópa | 90,00 |
| Marningsblokk | 52,00 |
| | |
| **Ýsa:** | |
| 4×14 m/r 4–8 oz | 83,56 |
| 4×14 m/r 8–12 oz | 89,28 |
| 4×14 m/r 12–16 oz | 91,57 |
| 4×14 m/r 1–3 lbs. | 93,29 |
| 4×14 r/l 5–8 oz | 107,60 |
| 4×14 r/l 8–12 oz | 109,89 |
| 4×14 r/l 12–16 oz | 112,18 |
| 4×14 r/l 1–3 lbs. | 113,32 |
| 10×5 | 157,51 |
| 3×18, 4×13, 4×12 | 157,51 |
| 4×12 m/r | 80,85 |
| 12×1 | 155,56 |
| Blokk reg. | 118,00 |
| Blokk O.R. | 106,20 |
| Þunnildisblokk Evrópa | 59,11 |
| Marningsblokk | 52,00 |
| Marningsblokk (þunnildi) | 27,82 |

| **Steinbítur:** | **U.S. cent pr. lbs. cif.** |
|---|---|
| 8×7 r/l | 77,11 |
| 10×5 | 181,95 |
| Blokk reg. | 125,00 |
| Hökkuð blokk | 40,00 |
| **Karfi:** | |
| 8×7 m/r | 77,11 |
| 10×5 m/r og 6×5 m/r | 83,64 |
| 10×5 r/l og 4×13 r/l | 90,76 |
| 10×5 Sea Star | 79,19 |
| 4×10 m/r flokkað (SÍS) | 93,35 |
| 5×8 m/r og b/l 4–8 oz | 95,21 |
| 5×8 m/r og b/l 8 oz og yfir | 95,21 |
| 1×35 m/r að 150 gr | 86,00 |
| 4×15 og 3×20 | 93,63 |
| 4×6 kg r/l lagp. | 73,75 |
| 12×1 r/l | 99,58 |
| Blokk reg. | 80,00 |
| Marningsblokk | 25,00 |
| **Ufsi:** | |
| 8×7 r/l | 64,41 |
| 10×5 | 85,42 |
| 4×12 og 4×13 | 85,42 |
| 4×15 og 3×20 r/l (JUMBO) | 96,63 |
| Blokk reg. | 64,00 |
| Blokk (þunnildi) | 45,00 |
| Marningsblokk | 35,00 |
| **Langa:** | |
| 8×7 r/l | 77,11 |
| 10×5 | 124,10 |
| Blokk reg. | 75,00 |
| Marningsblokk | 20,00 |
| **Keila:** | |
| 8×7 r/l | 77,11 |
| Blokk reg. | 65,00 |
| **Lýsa:** | |
| Blokk reg. | 90,00 |
| **Grálúða:** | |
| Heilfr. hausuð yfir 3 kg | 60,71 |
| Heilfr. hausuð yfir 2 kg | 52,55 |
| Heilfr. hausuð 1–2 kg | 38,06 |
| Heilfr. m/h U.S.S.R. | 34,47 |
| 4×10 r/l 4–8 oz | 110,75 |
| 4×10 r/l 8–32 oz | 115,20 |
| 4×12 4–8 oz lagp. | 110,75 |

| **Grálúða:** | **U.S. cent pr. lbs. cif.** |
|---|---|
| 4×12 8–32 oz lagp. | 115,20 |
| 4×6 | 110,00 |
| Blokk U.S.S.R. | 77,11 |
| Blokk U.S.A. | 80,00 |
| | |
| Heilfrystur fiskur 3×9 | 34,47 |

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1983.*

F. h. r.
**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

15. júní 1983 Nr. 484

# SAMÞYKKT

## um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

### I. KAFLI
### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 fulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/ 1961.

2. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er almennt í fyrirsvari fyrir hreppinn og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefndinni ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru fengin á samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum kauptúnsins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber hreppsnefnd að gera áætlun um tekjur og gjöld kauptúnsins fyrir yfirstandandi ár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli haga sbr. B-lið, ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Hreppsnefnd á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.